

Drög að reglum um stuðningsþjónustu og félagslegt leiguhúsnæði


Kynning fyrir nefnd oddvita og sveitarstjóra

Árnesþings

20. maí 2021

Forsaga

- Úttekt gæða og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar á þjónustu við fatlað fólk í maí 2019
- Ákveðið var að umbætur næðu til almennrar velferðarþjónustu á starfssvæði skóla- og velferðarþjónustu Árneshings


- 
- A large red rectangular area on the left side of the slide, with a small downward-pointing triangle at the bottom center, indicating redacted content.
- Eftir skoðun á reglum í helstu sveitarfélögum var ákveðið að byggja á reglum og matsviðmiðum frá Reykjavíkurborg. Þau drög sem hér eru kynnt hafa verið aðlöguð að skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða.
 - Í samræmi við áherslur félagsmálaráðherra um samþættingu í þjónustu við börn og fjölskyldur var ákveðið að byrja á stuðningsþjónustu fyrir börn og fjölskyldur.
 - Undirbúningur vegna reglna um stuðningsþjónustu fyrir fullorðna er hafinn.

Drög að reglum

- Drög að reglum um stuðningsþjónustu til barna og fjölskyldna ná til stuðningsþjónustu skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2008, stuðningsúrræða skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 og stuðningsúrræða skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum
- Í drögum að reglum um félagslegt leiguhúsnæði er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita sbr. XII. kafla um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, 1. gr. laga laga um málefni aldraða nr. 125/1999 og 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

Drög að reglum
frh.

- Drög að reglum fela í sér
 - Einföldun á regluverki
 - Aukið gegnsæi
 - Samræmi á starfssvæðinu
 - Ítarlegar leiðbeiningar um framkvæmd þjónustu og lýsingu á skyldum og ábyrgð starfsmanna og notenda þjónustunnar
- Samhliða hefur verið unnið að gerð umsóknareyðublaða, gerð verkferla og endurbótum á eyðblöðum s.s. móttöku og svarbréfum vegna þjónustu í samræmi við ákvæði reglnanna og ábendingar Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar

A red speech bubble graphic with a white outline, containing white text. The bubble has a tail pointing downwards and to the left. The background features faint, curved lines in the top-left and bottom-right corners.

Drög að reglum um
stuðningsþjónustu
fyrir börn og
fjölskyldur

3. gr.
stuðningur sem um
er að ræða

- *Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf*
- *Námskeið*
- *Einstaklingsstarf fyrir 6-18 ára*
- *Stuðningsfjölskylda fyrir 0-18 ára*
- *Skammtímadvöl fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára*
- *Heimili fyrir fötluð börn eða börn með miklar þroska- og/eða geðraskanir á aldrinum 0-18 ára*

4.gr skilyrði fyrir samþykki umsóknar

- Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum.
- Umsækjandi og barn/börn hans sem umsókn lýtur að skulu eiga lögheimili á starfssvæði skóla- og velferðarþjónustu Árneshings þegar sótt er um.
- Umsækjandi skal hafa forsjá barns/barna sem umsókn lýtur að.
- Umsækjandi og barn/börn hans skulu vera metin í þörf fyrir stuðning samkvæmt matsviðmiðum á fylgiskjali 1 með reglum þessum.
- Fatlað fólk sem er með lögheimili utan starfssvæðis skóla- og velferðarþjónustu Árneshings getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjendur skrái lögheimili sitt á starfssvæði skóla- og velferðarþjónustu þegar stuðningur hefst.

6. gr. mat á stuðningsþörf

Tekur til:

- Færni/getu og styrkleika.
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- Annars veitts stuðnings.

Grundvallargildi við mat á stuðningsþörfum

- Matið tekur til heildaraðstæðna fjölskyldna.
- Foreldrar þekkja börn sín best og vilja þeim það besta.
- Börn og fjölskyldur eru ólík og einstök.
- Börn dafna best í fjölskyldu og samfélagi þar sem stuðningur er góður.
- Heildaraðstæður fjölskyldna hafa áhrif á líðan og hegðun barns.
- Vinna skal í samstarfi við foreldra og börn við að greina þarfir og forgangsraða út frá þeirra eigin sjónarhorni.

Framkvæmd

- Umsækjendur snúa sér til starfsmanna skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða sem taka við umsóknum og meta og afgreiða nema í neðangreindum tilvikum:
 - Afgreiðsla umsókna um stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna, skammtímadvöl fyrir fötluð börn og búsetu á heimili fyrir fötluð börn á sér stað í fagteymi Bergrisa
- Gera skal áætlun um meðferð mál/stuðningsáætlun/einstaklb þjónustuáætlun
- Setja skal skýr markmið
- Samþykkt til 3ja mánaða í byrjun
- Endumat á amk 12 mánaða fresti, árangur metinn

Málsmeðferð

- Könnun á aðstæðum í samvinnu við umsækjanda (11 og 12. gr)
- Rangar eða villandi upplýsingar geta leitt til ógildingar á umsókn eða afturköllunar (14. gr)
- Leiðbeiningar til umsækjanda (16. gr)
- Kynna skal niðurstöðu með skriflegum hætti (18. gr), skólaþjónustu- og velferðarnefnd hefur heimild til undanþágu (19. gr) óska skal eftir því innan 4 vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um niðurstöðu

Ákvæði til bráðabirgða

- *umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri regna halda gildi sínu í allt að 12 mánuði eftir gildistöku reglna þessa. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurskoðun á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðninginn*

A red speech bubble graphic with a white outline, containing the text. The bubble has a tail pointing downwards and to the left.

Reglur um
félagslegt
leighúsnæði


Félagslegt leiguhúsnæði

Um er að ræða almennt félagslegt leiguhúsnæði, húsnæði fyrir fatlað fólk og leiguíbúðir aldraðra

Almennt félagslegt leiguhúsnæði er ætlað þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna, þungrar framfærslubyrðar og lágra launa.

Húsnæði fyrir fatlað fólk er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks.

Með *leiguíbúð aldraðra* er átt við félagslegt leiguhúsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum. Leiguíbúðir aldraðra eru ætlaðar þeim sem þurfa aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili,

- 
- Hægt er að úthluta almennu félagslegu leiguhúsnæði og leiguíbúðum aldraðra sem áfangahúsnæði þegar aðstæður leigutaka eru með þeim hætti að gera verður kröfu um að hann þiggi stuðning og þjónustu á meðan leigusamningur er í gildi og er úthlutun húsnæðisins tímabundin með tilliti til þess.

Umsóknarferli og úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis

- Umsóknum er skilað til skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða, ráðgjafar meta umsóknir skv. matsviðmiðum.
- Úthlutun almenns félagslegs leiguhúsnæðis og leiguíbúða fyrir aldraða fer fram á sérstökum fundum fagteymis starfsmanna skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða sem skipað er með sérstöku erindisbréfi.
- Úthlutun húsnæðis fyrir fatlað fólk fer fram á sérstökum fundum fagteymis Bergrisa.

Almennt vegna umsókna um félagslegt leiguhúsnæði

- Uppfylli umsækjandi ekki lengur þau skilyrði sem eftir atvikum koma fram í 4. gr., 7. gr. og 11. gr. reglna þessara, á meðan beðið er úthlutunar í félagslegt leiguhúsnæði, er heimilt að afturkalla stjórnvaldsákvörðun um samþykki á biðlista, sbr. 21. gr. reglna þessara.
- Hafi umsækjandi ekki skilað viðeigandi gögnum til skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna innan 30 daga frá umsóknardegi er umsókn hans synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.
- Umsókn umsækjanda sem er í vanskilum með leigugreiðslur við hlutaðeigandi sveitarfélag verður því aðeins samþykkt hafi umsækjandi gert full skil á vangoldnum leigugreiðslum eða um skuldina hafi verið samið. Sama gildir um umsókn um milliflutning. Umsækjanda skal leiðbeint um þau úrræði sem honum standa til boða vegna fjárhagserfiðleika.

Skilyrði fyrir umsókn - almennt félagslegt leiguhúsnæði

- Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði 4. gr. til að umsókn verði samþykkt á biðlista.
- Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi þegar sótt er um og síðustu **12 mánuði** áður en umsókn berst.
- Hafi umsækjandi tímabundið dvalarleyfi er skilyrði að gildistími dvalarleyfisins sé að lágmarki 12 mánuðir.
- Umsækjandi skal ekki vera eigandi að húsnæði.
- Tekjur og eignir umsækjanda fari ekki yfir eftirfarandi tekju- og eignamörk:
 - Tekjumörk eru kr. 5.731.000 fyrir einstakling en kr. 8.025.000 fyrir hjón og sambúðarfólk. Þá reiknast kr. 1.433.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er á framfæri viðkomandi. Þá reiknast kr. 515.880 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er í umgengni hjá umsækjanda. Tekjumörk eru miðuð við meðaltal árstekna síðastliðinna þriggja ára.
- Eignamörk eru kr. 6.186.000.
- Fjárhæðir eru endurskoðaðar af skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfnar árlega.

frh

- Umsóknir skulu metnar samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum, sbr. fylgiskjal nr. 1 með reglum þessum. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn verði samþykkt á biðlista skal umsækjandi vera metinn til að lágmarki eftirfarandi stiga:
- Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 9 stiga eða meira.
- Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með eitt barn: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 11 stiga eða meira.
- Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með tvö börn eða fleiri: Aðstæður umsækjenda verða að vera metnar til 12 stiga eða meira.

Matsviðmið

- Hægt er að fá stig fyrir einn lið í hverjum þætti:
- Stöðu umsækjanda
- Stöðu maka
- Tekna á ársgrundvelli
- Fjölda barna með lögheimili hjá umsækjanda eða í umgengni
- Félagslegra aðstæðna
- Húsnæðisstöðu
- Sérstakra aðstæðna barna
- Félagslegs vanda umsækjanda

5. gr undanþágur frá skilyrðum

- Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 4. gr. reglna þessara um lögheimili og tekjuviðmið við eftirfarandi aðstæður:
- Frá lögheimili:
 - a. Umsækjandi hefur búið í hlutaðeigandi sveitarfélagi stóran hluta ævi sinnar en flutt tímabundið, að hámarki til tveggja ára, úr sveitarfélaginu vegna húsnæðisvanda, náms eða vinnu.
 - b. Umsækjandi eða barn hans undir 18 ára aldri á við langvarandi og alvarleg veikindi að stríða eða fötlun í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og hefur þurft að flytja í hlutaðeigandi sveitarfélag til að vera nær lækniþjónustu og/eða annarri sérfræðiþjónustu.
- Frá tekjuviðmiði:
 - c. Tekjur umsækjanda síðastliðin þrjú ár eru minna en 15% yfir tekjuviðmiði samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglna þessara og umsækjandi á í miklum félagslegum erfiðleikum sem hafa leitt til lækkandi tekna.

Skilyrði fyrir umsókn - húsnæði fyrir fatlað fólk

- Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi, sbr. 1. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016.
- Umsækjandi skal uppfylla annan hvorn þessara liða:
- Umsækjandi um sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk skal hafa staðfesta fötlunargreiningu og vera metinn til að lágmarki 24 stiga samkvæmt mati á þjónustupörf á grundvelli reglna Árneshvíls um stuðningsþjónustu. Hafi umsækjandi verið metinn samkvæmt matinu Support Intensity Scale (SIS) skal hann vera metinn í 5. flokk eða hærra.
- Umsækjandi um húsnæði með stuðningi skal hafa staðfesta fötlunargreiningu og vera metinn til að lágmarki 12 stiga samkvæmt mati á þjónustupörf á grundvelli reglna Árneshvíls um stuðningsþjónustu. Hafi umsækjandi verið metinn samkvæmt matinu Support Intensity Scale (SIS) skal hann vera metinn í 1. til 4. flokk. Með fötlunargreiningu er átt við staðfestingu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, viðurkenndri sjúkrastofnun eða teymi fagfólks sem hefur sérfræðiþekkingu á fötlun.
- Hafi umsækjandi tímabundið dvalarleyfi er skilyrði að gildistími dvalarleyfisins sé að lágmarki 12 mánuðir.
- Umsóknir skulu metnar samkvæmt matsviðmiðum, sbr. fylgiskjal nr. 2 með reglum þessum. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk verði samþykkt skal umsækjandi vera metinn til að lágmarki 5 stiga.

Matsviðmið

- Hægt er að fá stig fyrir einn lið í hverjum þætti:
- Staða umsækjanda skv. stuðningsþjónustumati
- Húsnæðisstaða
- Félagslegar aðstæður
- Önnur þjónusta sem umsækjandi hefur

Skilyrði fyrir umsókn - leiguíbúð aldraðra

- Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði 11. gr. til að umsókn verði samþykkt á biðlista.
- Umsækjandi skal vera 67 ára eða eldri og eiga lögheimili í hlutaðeigandi svetiartfélagi þegar sótt er um og a.m.k. síðustu **12 mánuði samfleytt** áður en umsókn berst.
- Hafi umsækjandi tímabundið dvalarleyfi á Íslandi er skilyrði að gildistími dvalarleyfisins sé að lágmarki 12 mánuðir.
- Umsækjandi skal metinn í þörf fyrir þjónustu og stuðning sem ekki er unnt að veita í núverandi húsnæði umsækjanda. Umsóknir skulu metnar samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum, sbr. fylgiskjal nr. 3 með reglum þessum. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn verði samþykkt á biðlista skal umsækjandi vera samtals metinn til að lágmarki 4 stiga, sbr. A og B lið í matsviðmiði.
- Ef andlegt og líkamlegt heilsufar umsækjanda er metið til 20 stiga samkvæmt matsviðmiði, sbr. fylgiskjal nr. 3 með reglum þessum, ber að synja umsókn þar sem umsækjandi er metinn með meiri þjónustuþörf en unnt er að koma til móts við í leiguíbúð. Leiðbeina skal viðkomandi um að óska eftir færni- og heilsufarsmati og sækja um hjúkrunarheimili.

Matsviðmið


- Hægt er að fá stig fyrir einn lið í hverjum þætti:
- Líkamlegt heilsufar
- Andlegt heilsufar
- Ef umsækjandi hefur verið metinn í þörf fyrir leiguíbúð vegna heilsu er einnig tekið tillit til:
- Félaglegra tengsla og virkni
- Húsnæðisaðstæðna
- Fjárhagsstöðu


12. gr. undanþága frá skilyrðum

- Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrði 11. gr. reglna þessara um lögheimili ef umsækjandi hefur búið í hlutaðeigandi sveitarfélagi stóran hluta ævi sinnar en flutt tímabundið, að hámarki til tveggja ára, úr sveitarfélaginu vegna húsnæðisvanda, náms eða vinnu.
- Umsóknir um undanþágur skulu vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu undanþágubeiðni. Umsóknir um undanþágu samkvæmt þessu ákvæði skulu afgreiddar hjá skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna.

Úthlutun frh

- Þegar umsækjandi er tilnefndur í félagslegt leiguhúsnæði ber eftir atvikum að uppfæra öll gögn miðað við stöðu umsækjanda á þeim tíma. Áður en til tilnefningar kemur ber einnig eftir atvikum að framkvæma endurmat samkvæmt matsviðmiðum. Skal umsækjanda tilkynnt skriflega um ef endurmat leiðir til breytinga á stigagjöf.
- Við úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis til einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi er gerð krafa um að sex mánuðir séu eftir af gildistíma dvalarleyfisins.

- 
- A large red rectangular area on the left side of the page, with a small downward-pointing triangle at the bottom center, indicating redacted content.
- Ákvörðun um úthlutun er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Um er að ræða skilyrta stjórnvaldsákvörðun þar sem gert er að skilyrði að umsækjandi uppfylli reglur Árneshlíða um félagslegt leiguhúsnæði, fari að þeim ákvæðum sem gilda samkvæmt húsaleigulögum nr. 36/1994 og ákvæðum leigusamnings um viðkomandi leiguhúsnæði.
 - Heimilt er að afturkalla stjórnvaldsákvörðun um úthlutun sé skilyrðum reglna þessara ekki lengur fullnægt. Sama gildir ef eigi er farið að ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 eða ákvæðum leigusamnings um viðkomandi leiguhúsnæði.
 - Við úthlutun húsnæðis fyrir fatlað fólk skal jafnframt taka mið af þjónustupörf með hliðsjón af því húsnæði sem í boði er og samsetningu íbúa á viðkomandi heimili

- 
- A large red rectangular area on the left side of the page, with a small downward-pointing triangle at the bottom center, indicating redacted content.
- Umsækjanda skal tilkynnt skriflega þegar úthlutun til hans hefur farið fram. Umsækjanda er veittur tíu daga frestur til þess að svara hvort hann þiggi úthlutun húsnæðisins. Ef svar berst ekki innan framangreinds frests er litið svo á að umsækjandi þiggi ekki úthlutun.
 - Hafi viðkomandi tvívegis hafnað úthlutun félagslegs leiguhúsnæði án þess að málefnalegar ástæður liggi að baki er heimilt að senda viðkomandi bréf þess efnis að litið sé svo á að umsækjandi hafi dregið umsókn sína til baka og sé hún því úr gildi fallin. Talið er að lagalegri skyldu til útvegunar húsnæðis sé fullnægt skv. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Leigusamningar

- Hlutaðeigandi sveitarfélög annast frágang leigusamninga og um þá gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994. Um réttarsamband leigutaka og hlutaðeigandi sveitarfélög gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 og eftir atvikum ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993.
- Fyrsti leigusamningur við leigutaka skal vera tímabundinn til þriggja ára. Að jafnaði eru gerðir ótímabundnir leigusamningar vegna leiguíbúða aldraðra og vegna húsnæðis fyrir fatlað fólk.
- Upphæð húsaleigu fylgir vísitölu neysluverðs. Ákvörðun um breytingu umfram þá hækkun skal samþykkt á fundi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Ábyrgð leigjanda

- Leigutaki félagslegs leiguhúsnæðis verður að fullnægja, eftir atvikum, skilyrðum 4. gr., 7. gr. og 11. gr. reglnanna allt það tímabil sem leigusamningur gildir og skal hann eiga lögheimili í leiguhúsnæðinu óslitið á leigutíma.
- Ef leigutaki gengur í hjúskap, hefur sambúð eða aðstæður hans breytast með öðrum hætti á leigutímanum, skal hann tilkynna skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfnar um.
- Leigutaka er óheimilt að heimila öðrum afnot af hinu leigða húsnæði. Framleiga félagslegs leiguhúsnæðis er með öllu óheimil.
- Leigutaki ber óskipta bótaábyrgð gagnvart hlutaðeigandi sveitarfélagi á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því, umfram það sem eðlilegt getur talist, sbr. ákvæði XIII. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994. Hlutaðeigandi sveitarfélag krefur leigutaka um greiðslu vegna tjóns sem unnið var á húsnæðinu á meðan á leigutíma stóð.

Málsmeðferð

- Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um félagslegt leiguhúsnæði hefur borist.
- Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan honum er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.
- Ef umsókn um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það ógildi umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.
- Kynna skal niðurstöðu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.
- Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfða fjalli um umsóknina en slík beiðni skal berast skólaþjónustu- og velferðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.
-

Ákvæði til bráðabirgða

- I. Umsóknir sem lagðar hafa verið fram í gildistíð eldri reglna um félagslegt leiguhúsnæði, reglna um leiguíbúðir aldraðra í Ölfusi og sérstakar húsaleigubætur halda gildi sínu en verða endurmetnar samkvæmt reglum þessum.
-
- II. Umsóknir sem raðast efst í forgangsröðun samkvæmt eldri reglum og komnar eru í úthlutunarferli skulu vera endurmetnar samkvæmt nýjum reglum áður en til úthlutunar kemur.

Bergrisinn bs

Vakin er athygli á að ákveðin skörun er við Bergrisann bs vegna þjónustu við fatlað fólk.

Snýr að:

skammtímadvöl fyrir fötluð börn
stuðningsfjölskyldum fyrir fötluð börn

heimili fyrir fötluð börn

húsnæði fyrir fatlað fólk

Gildistaka

- Gerð er tillaga um að reglur um stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur taki gildi 1. september 2021
- Gerð er tillaga um að reglur um félagslegt leiguhúsnæði taki gildi 1. september 2021